



SSV

Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi

Borgarnesi 28.02 2017

Til sveitarfélaga á Vesturlandi

Efni; Aðalfundarboð

Hér með er boðað til aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Fundurinn fer fram á Hótel Hamri, Borgarnesi miðvikudaginn 29 mars 2017. Sama dag verða einnig aðalfundir Starfsendurhæfingar Vesturlands, Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands, Heilbrigðisnefndar Vesturlands, Sorpurðunar Vesturlands og Vesturlandsstofu.

Dagskrá miðvikudaginn 29 mars verður sem hér segir:

- | | |
|----------|--|
| KL.09.30 | Aðalfundur Starfsendurhæfingar Vesturlands |
| KL.10.15 | Aðalfundur Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands |
| KL.11.15 | Aðalfundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands |
| KL.12.15 | Hádegisverður |
| KL.13.00 | Aðalfundur Sorpurðunar Vesturlands |
| KL.14.00 | Kynning á rekstri Vesturlandsstofu |
| KL.14.30 | Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi
Hér undir verður lagður fram ársreikningur þjónustusvæðis Vesturlands um málefni fatlaðra. |

Eftirtaldir dagskrárlíðir verða teknir fyrir á aðalfundi SSV samkvæmt lögum SSV;

- Skýrsla stjórnar, félaga og rekstrareininga, sem SSV ber ábyrgð á um starfsemi liðins árs.
- Ársreikningar SSV og þeirra félaga sem SSV ber fjárhagslega ábyrgð á, ásamt skýrslu endurskoðanda
- Ákvörðun um laun og bóknun til stjórnar og nefnda.
- Kosning endurskoðanda.
- Önnur mál löglega fram borin.

Seturétt á aðalfundi SSV eiga fulltrúar sveitarfélaganna á Vesturlandi sem kosnir eru fulltrúar á aðalfund SSV. Nánar er kveðið á um kjör fulltrúa á aðalfund í 5. gr. laga SSV. Ársreikningur SSV ásamt ársskýrslu fyrir árið 2016 verða send sveitarfélögunum fyrir aðalfundinn. Vakin er athygli á því að á Haustþingi SSV í október 2016 var samþykkt fjárhags- og starfsáætlun fyrir árið 2017.

Virðingarfyllst

Páll S. Brynjarsson
Framkvæmdastjóri SSV